

þessir eigi haft neitt umboð til að baka öllum fjáreigendum í sýslum þessum skyldu, er eigi lá á þeim að lögum.

2
8. jan.

Af framangreindum rökum finn jeg eigi ástæðu til að breyta úrskurði amtsins frá 10. október 1876 um niðurföfnun á þeim hluta kostnaðarins til varðarins við Hvítá í Borgarfirði, er fjáreigendur í norðuramtinu áttu að greiða, eptir samkomulagi milli amtmannanna í vesturamtinu og í norður- og austuramtinu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um framfærslu sveitarómaga.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 6 nóvbr. f. á., hefi jeg meðtekið umkvörtun með fylgiskjölum frá oddvita hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi, dags. 18. jan. f. á., þar sem hann áfrýjar úrskurði norður- og austuramtsins, uppkveðnum 8. septbr. 1876, um skyldu Svínavatnshrepps til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi fátækra styrk, er lagður hefir verið þar Sigurlaugu Ólafsdóttur um tímann frá 10. apríl 1874 til 1. júlí 1875, og læt yður nú þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, það er hjer skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum.

3
9. jan.

Með áminnztum úrskurði er krafa Bólstaðarhlíðarhrepps til endurgjalds fyrir það, er lagt hafði verið með Sigurlaugu þeirri Ólafsdóttur, er hjer ræðir um, og nú er dauð, sem nemur alls 45 kr. 44 a., eptir að 94 kr. 16 a. eru endurgoldnar með því sem Sigurlaug átti eptir sig, færð ofan í 33 kr. 84 a., og Svínavatnshreppur skyldaður til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi þessa upphæð; og er lækkin byggð á því, að venjulegt sje að gefa með ómögum í þyngra lagi 2 kr. um vikuna, og að þeir tveir hreppar, er höfðu Sigurlaugu til framfærslu áður en henni var komið fyrir í Bólstaðarhlíðarhreppi, hefðu látið sjer nægja það, og ennfremur á því, að þessi lækkin á meðlaginu með Sigurlaugu, er krafizt er af hálfu Bólstaðarhlíðarhrepps, sje til orðin fyrir skakka aðferð hreppsnefndarinnar þar, þá, að bjóða ómaga þennan upp á undirboðsþingi (sbr. kanselibrjef 23. apríl 1844).

Jeg er á sama máli og þjer, herra amtmaður, um það, að það sje eigi samkvæmt grundvallarreglunum í fátækra reglugjörð 8. janúar 1834, eða því, hvornig hjer hagar til, að hafa það fyrir almenna reglu að bjóða ómaga upp á undirboðsþingi til framfæris; en jeg fæ þó eigi betur sjed en að það megi vera, þegar sjerstakleg atvik mæla með því, eins og hjer átti sjer stað; og að því er snertir sjerstaklega undirboðsþing það, er fram hefir farið í þessu tilfelli, þá hefir það, eptir því sem fram er komið í málinu, verið fólgid í því, að þegar húsbóndi sá, er ómagi þessi, er hjer ræðir um, hafði verið hjá frá 10. apríl 1874 til fardaga 1875, sagðist eigi vilja halda hana lengur, hvað sem í boði væri, hefir hreppsnefndin á þinginu um vorid skorað á alla, sem þar voru staddir, að taka hana, og þegar enginn vildi verða til þess, eða koma með nokkurt boð um það, hefir hreppsnefndin fengið húsbónda hennar, sem var, til að lofa henni að vera mánuði lengur, en þó eigi með öðru móti en að hann fengi með henni 1 rd. 32 sk. eða 2 kr. 66 a. um vikuna; en með því virðist hvorki hafa verið hallað á framfærsluhrepp þann, er hlut átti að máli, nje á ómagann sjálfan. Er því engin ástæða til að neita Bólstaðarhlíðarhrepp fyrir þá skuld um endurgjald fyrir kostnað þann, er hreppurinn hefir samkvæmt þannig gjörðum samningi haft af framfærslu Sigurlaugar frá 6. júní til 1. júlí 1875, enda munar það eigi nema 66 a. umfram það 2 króna gjald um vikuna, sem lagt hefir verið til grundvallar í úrskurði amtsins, eða 2 kr. 64 aurum í 4 vikur.

Þótt svo sje, að optast megi koma sveitarómögum í þyngra lagi fyrir með 2

3 9. jan. kr. meðgjöf um vikuna, verða þó þessir 69 rd. 77½ sk. eða 139 kr. 61 e. meðgjöf, sem Bólstaðarhlíðarhreppur hefir látið með ómaga þeim, er hjer ræðir um, frá 10. apríl 1874 til 1. júlí 1875, þ. e. í 64 vikur alls, eða, sjeu þessar 4 vikur með 2 kr. 66. a. meðgjöf hver, er nú var áminnt, dregnar frá, í 60 vikur alls, samtals 129 kr., eða 2 kr. 15 a. um vikuna, eigi kölluð ósanngjörn meðgjöf með svo erfiðum og óþægilegum ómaga, er sjá má að Sigurlaug hefir verið; og getur það eigi komið til greina í því efni, að henni hefir áður verið komið fyrir í öðrum hreppum með vægari meðgjöf eða þeir hafa látið sjer nægja lægra endurgjald frá framfærslusveit hennar.

Með því að Bólstaðarhlíðarhreppur hefir í raun og veru haft þann kostnað, er hjer ræðir um, af framfærslu margnefndrar Sigurlaugar, og með því að þessi kostnaður virðist eigi að hafa verið ósanngjarn eða í bága við sparnað þann, er við á að hafa, er slíkum ómögum er komið fyrir, eptir því sem fyrir er mælt í fátækrareglugjörð 8. janúar 1834, er úrskurði þeim, er amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu hefir upp kveðið í máli þessu 8. septbr. 1876, hjer með breytt á þá leið, að Svínavatnshreppur skyldast til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi allan þann kostnað, er hann hefir lagt fram til framfærslu Sigurlaugar Ólafsdóttur, alls 139 kr. 61 e., að frádregnu, því sem búið er að greiða upp í þetta.

4 11. jan. — *Brjef landshöfðingja til amtmanns yfir norður- og austurumdæminu um framfærslu sveitarómaga.* Með brjefi, dags. 6. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef, dags. 23. jan. f. á., frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, með 20 fylgiskjölum, og áfrýjar hreppsnefndin í Borgarfjarðarhreppi samkvæmt þeim úrskurði amtsins frá 27. október 1876, þar sem ágreiningi um skyldu Loðmundarfjarðarhrepps til að endurgjalda Borgarfjarðarhreppi sveitarstyrk, er lagður hafði verið þar Birni nokkrum Guttormssyni, og nam 90 kr., er vísað til dómsúrslita.

Út af þessu læt jeg yður þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli.

Björn þessi Guttormsson, er með úrskurði norður- og austuramtsins 11. júlí 1861 var dæmdur sveitlægur í Loðmundarfjarðarhreppi, hefir, að því er fram hefir komið í málinu, fengið 90 kr. lán af Borgarfjarðarhreppi í sveitarstyrksskyni árin 1861 og 1862, og hefir hann gefið skriflega skuldarjátningu fyrir nokkru af því. Hinn 4. nóvbr. 1861 og 14. febr. 1863 leitadi Borgarfjarðarhreppur sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um að fá lán þetta endurgoldið, en sýslumaður svaradi í hvorutveggja skipti, að hreppurinn væri eigi fær um það. Skrifadi þá hreppstjórinn í Borgarfjarðarhreppi til amtmannsins í norður- og austurumdæminu 28. nóvbr. 1863 og bað hann að blutast til um, að hreppurinn fengi skuldina borgaða. Amtmaður svaradi 1. marz 1864, að «að vísu virðist honum enginn vafi á því, að hinnar umgetnu skuldar sje rjettilega krafizt, og að Loðmundarfjarðarhreppi beri að svara henni, að því leyti Björn ekki sje þess megnugur; en eptir því sem skýrt sje frá högum þessa hrepps í brjefi sýslumanns 20. febr. 1864, sýnist lítil líkindi til þess að hann sje fær um að greiða hana, og vilji hann (amtmaður) því leggja það til, að sýslumaður skori á hreppstjóranum í Borgarfjarðarhreppi, að hann láti hina umræddu skuld standa ógreidda í svo sem 5 ára tíma, og ætti þá Borgarfjarðarhreppur að verða laus við frekara tillag til hjálpar Loðmundarfjarðarhreppi, þó hinum öðrum hreppum sýslunnar yrði gjört að skyldu að lúka einhverju í því skyni». Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir tilkynnt hreppstjóranum í Borgarfjarðarhreppi þetta brjef 4. apríl 1864, en aptur hefir hreppsnefndin í Loðmundarfjarðarhreppi fullyrt, að það hafi eigi verið birt hreppstjóranum þar fyr en nú,